

3 Svefnherbergi Einbýlishús in Villamartin

Ref: V081

499.900€



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izóna : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 4

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Sjávarútsýni

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 185 m²

Stærð lóðar : 240 m²

Stærð verandar : 35 m²

Stærð þaksvala : 46 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 10 min

Borg : 5 min

Golf : 4 min

✓ Verönd

✓ Þaksvalir

✓ Innbyggð loftkæling

Þessu glæsilega 3 svefnherbergja, 4 baðherbergja og 185m² einbýlishúsi, fylgir jafnframt rúmgóð verönd, garður með einkasundlaug og 46m² þaksvalir. Húsið er staðsett í einstöku hverfi, og í aflokaðri íbúðarþyrpingu þar sem hugað er að hverju smáatriði, með sameiginlegu sundlauga-, og garðsvæði.

Einungis 5 mínútna labb er á 18 holu golfvöllinn Villamartín, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golfíþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagur litaða páfagaukana kvarka allan ársins hring. Golfvöllurinn sem að hverfið er jú nefnt eftir er inni í miðri íbúðarbyggð þar sem fagurgrænar golfbrautir og mikilfenglegt skólendi mynda einstakt umhverfi í göngufæri við nærliggjandi íbúðarkjarna og alla almenna þjónustu.

Stutt er jafnframt að rölta til verslunarmiðstöðvarinnar Villamartín Plaza þar sem er að finna mikið úrval veitingastaða og bara, auk apóteks, matvöruverslunarinnar o.fl. svo eitthvað sé nefnt, eða innan við 5 mínútur.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur sem landamerki upp við íbúðabyggð Villamartín hverfisins, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torre Vieja spítala sem er í 15 mínútna ökuferð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökuferð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.